

Reglur um íþróttá- og tómslundastyrk



Meginmarkmið íþróttá- og tómslundastyrkja er að stuðla að aukinni hreyfingu og félagsþátttöku barna í sveitarfélaginu.

Styrkur er veittur vegna æfinga- og þáttökugjalda fyrir börn á aldrinum 6-17 ára með lögheimili í Eyjafjarðarsveit. Styrkhæft er hvers konar reglulegt íþróttá- og tómslundastarf.

Fjárhæð styrks er ákveðin ár hvert í sveitarstjórn að fengnum tillögum frá íþróttá- og tómslundanefnd. Styrkur nemur aldrei hærri fjárhæð en sem nemur greiddum gjöldum.

Skrifstofa Eyjafjarðarsveitar hefur umsýslu með íþróttá- og tómslundastyrk og ákveður fyrirkomulag umsókna/greiðslu hverju sinni. Verði ágreiningur um gildissvið gildir ákvörðun sveitarstjóra.

Styrkur árið 2018 er fjárhæð 15.000 kr.

Reglur um ferðastyrk fyrir íbúa Eyjafjarðarsveitar vegna þátttöku í æfinga- og keppnisferðalögum

Börn, ungmenni og afreksíþróttafólk sem æfa hjá félagi sem á aðild að ÍSí eða tekur þátt í viðurkenndum íþróttamótum getur sótt um ferðastyrk til íþróttá- og tómslundanefndar vegna keppnis- eða æfingaferða sem fylgir umtalsverður kostnaður fyrir umsækjanda. Framvísa skal staðfestingu frá þjálfara, fararstjóra eða öðrum tilbærum aðila ásamt gögnum um greiðslu kostnaðar og öðrum gögnum eftir ákvörðun skrifstofu.

Hámarksstyrkur er kr. 20.000,- á ári fyrir hvern iðkanda.